

57 fyrir hennar hönd farið þess á leit, að jeg veitti Strandasýslubúum styrk til lífsfram-
22, apríl. dráttar af gjafafje, ef nokkurt slíkt fje væri til umráða.

Útaf þessu skal eigi látið hjálíða, að tjá yður til leiðbeiningar og til birtingar fyrir sýslunefndinni, að gjafafje er nú eigi framar til. Samskotunum erlendis er, einsog kunnugt er, fyrir löngu hætt, og því, sem eptir var af samskotafjenu, þegar samskotanefndin hætti störfum sínum, 1096 kr., er þegar búið að útbýta, en sú upphæð er það eina gjafafje, sem komið hefir í mínar hendur síðan jeg tók við landshöfðingjaembættinu. Til frekari skýringar skal það tekið fram, að auglýsing samskotanefndarinnar, sem birt var í »Þjóðólfi« 14. jan. þ. á., er eigi allskostar nákvæmlega orðuð, þarsem sumir hafa skilið hana svo, sem mjer hafi síðastliðið sumar verið afhentar 32000 kr. af samskotanefndinni, en þessar 32000 kr. voru borgaðar inn í aðalfjehirzluna til inntektar fyrir jarðabókarsjóð til endurgjalds því, sem árið 1885 var búið að útborga og lofa að útborga úr jarðabókarsjóðnum.

58 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um styrk*
18. maí. *handa búnaðarskóla af vöxtum af styrktarsjóði handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi.* — Í þóknanlegu brjefi, dags. 23. febrúar þ. á., hafið þjer, herra amtmaður, fyrir hönd sýslumannsins í Norðurmúlasýslu, farið þess á leit, að eptirstöðvarnar af vöxtunum af hinni föstu innstæðu »Styrktarsjóðs handa þeim, er bíða tjón af jarðeldi á Íslandi« fyrir árið 1885, 656 kr., verði veittar búnaðarskólanum á Eyðum.

Útaf þessu skal yður tilkynnt til frekari birtingar, að jeg véiti hjermeð búnaðarskólanum á Eyðum ofangreinda upphæð af vöxtum nefnds sjóðs fyrir árið 1886, og má vitja hingað fjárens til útborgunar.

59 Brjef landshöfðingja til *sýslumannsins í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu*
23. maí. *um kosningu á alþingismanni fyrir sýsluna.* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað yfirlýsingu yðar um það, að þjer segid af yður alþingismennsku fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og jafnframt hafið þjer farið þess á leit, að jeg skipaði sem fyrst fyrir um nýja kosningu á alþingismanni fyrir nefnt kjördæmi fyrir það sem eptir er kjörtímans, og skýrt mjer frá því, að þjer, til að flýta fyrir hinni nýju kosningu, hafið þegar uppá væntanlegt samþykki mitt útgefið auglýsingu um, að kosningin skuli framfara 17. júní þ. á.

Fyrir því skal hjermeð svo fyrirskipað, samkvæmt 27. gr. kosningarlaganna til alþingis 14. sept. 1877, að aukakosning skuli framfara sem fyrst á alþingismanni fyrir Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, fyrir það sem eptir er af kjörtíma þeim, sem yfir stendur, og legg jeg hjermeð jafnframt samþykki mitt á ráðstöfun þá til að flýta fyrir kosningunni, er þjer hafið gjört og að ofan er frá skýrt.

60 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um*
26. maí. *endurgjald á veittum sveitarstyrk.* — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m., hafið þjer, herra amtmaður, sent hingað skjöl þau, er snerta úrskurð yðar frá 20. janúar þ. á. um að Villingaholtshreppur í Árnessýslu skyldi endurgjalda fátækra sjóði Reykjavíkur-

bæjar kr. 84,88, sem Ólafur nokkur Jónsson, er sveitlægur er í Villingaholtshreppi, hafði þegið af nefndum fátækra sjóði veturinn 1886, en þessum úrskurði hafði hrepps- 60
nefnd Villingaholtshrepps áfrýjað til mín með brjefi 26. febr. p. á. 26. maí.

Mál þetta er þannig vaxið, að veturinn 1886 beiddist nefndur Ólafur Jónsson sveitarstyrks úr fátækra sjóði Reykjavíkur til framfæris sjer og sínum og fjekk smátt og smátt alls kr. 84,88, sem Reykjavíkurbær hefir krafizt að fá endurborgaðar af Villingaholtshreppi, þarsem Ólafur tjáðist eiga framfærslurjett. Hreppsnefnd Villingaholtshrepps hefir nú viðurkennt, að optnefndur Ólafur Jónsson sje þar sveitlægur, en hefir skorazt undan að endurgjalda umgetinn sveitarstyrk af þeirri ástæðu, að Ólafur mundi eigi hafa þarfnast sveitarstyrks, ef hann hefði verið einn síns liðs, en þó Ólafur hafi þurft sveitarstyrk af því að hann hafi haft barnsmóður sína og óskilgetin börn þeirra í eptirdragi, þá geti Villingaholtshreppur eigi verið skyldur til að endurgjalda slíkan styrk, þarsem barnsmóðir Ólafs, og þar af leiðandi börn þeirra, sje sveitlæg annarsstaðar og þannig Villingaholtshreppi alveg óviðkomandi.

Jeg verð nú að vera yður, herra amtmaður, samdóma um, að þessar mótbáru hreppsnefndarinnar í Villingaholtshreppi sjeu eigi á fullum rökum byggðar, því það, sem hjer á að koma til greina, er, að Ólafur Jónsson var fyllilega þurfsandi fyrir styrk og bað um hann sjálfur, og að hann var skyldur til að standa straum af heimilisfólki sínu, að minnsta kosti til næsta vinnuhjúaskildaga, án tillits til þess hvort það var honum vandabundið eða ekki eða hvar það átti sveit.

Samkvæmt þessu staðfestist hjermeð ofannefndur úrskurður yðar, og skal jeg, um leið og jeg tilkynni yður það til frekari birtingar, þjónustusamlega skora á yður, að hlutast til um, að hreppsnefndin í Villingaholtshreppi greiði fátækra sjóði Reykjavíkur ofanumgetnar kr. 84,88 tafarlaust.

Reikningur

61

yfir tekjur og gjöld Thorkillii barnaskólasjóðs árið 1886.

	Tekjur:	Kr.	Kr.
1. Eptirstöðvar við árslok 1885:			
a. Ríkisskuldabrfjef		29,190,00	
b. Skuldabrfjef einstakra manna		37,119,45	
c. Ógoldnir vextir til 11. júní 1885		162,00	
d. Í peningum		359,89	66,831,34
2. Vextir á árinu 1886, samkvæmt skýrslu um vaxtafje sjóðsins:			
a. Af ríkisskuldabrfjefum til 11. júní 1886		1,167,60	
b. — skuldabrfjefum einstakra manna til 11. júní 1886 (1440,96 ÷ 162,00)		1278,96	
og dagvextir af nokkrum skuldabrfjefum		9,72	1,288,68
			2,456,28
3. Borgað af lánunum einstakra manna og afborgun af lánunum			4,415,23
4. Ný skuldabrfjef sem sjóðurinn hefir eignazt á árinu fyrir lánunum gegn veði í fasteign			4,350,00
		Samtals	78,052,85